



USK24010019

Afgreiðslufundur samgöngustjóra samkvæmt 3. gr. viðauka 2.5 um embættisafgreiðslur samgöngustjóra við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.

Ár 2024, mánudaginn 7. október kl. 15.00 hélt samgöngustjóri Reykjavíkurborgar 25. afgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 12-14, 3. hæð, Hamrar. Fundinn sátu: Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir og Bjarni Rúnar Ingvarsson
Fundarritari var Natan Freyr Guðmundsson

Þetta gerðist:

1. Tillaga - Snorrabraut

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði um umferð:

- Að tvö bifreiðastæði við Snorrabraut 37 hafi 15 mín. hámarkstíma.
- Að eitt bifreiðastæði við Snorrabraut 37 verði merkt sem vöruafhendingarstæði. Stöðvun og lagning ökutækja verði óheimil með undantekningum fyrir vörulosun.

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.

Samþykkt

Fundi slitið kl. 15.10
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir

Bjarni Rúnar Ingvarsson



Viðtakandi: Samgöngustjóri

Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Reykjavík, 7. október 2024

USK24010001

TILLAGA

Tillaga

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði um umferð:

- Að tvö bifreiðastæði við Snorrabraut 37 hafi 15 mín. hámarkstíma.
- Að eitt bifreiðastæði við Snorrabraut 37 verði merkt sem vöruafhendingarstæði. Stöðvun og lagning ökutækja verði óheimil með undantekningum fyrir vörulosun.

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.

Greinargerð:

Í tillögunni er lagt til að tvö bifreiðastæði við Snorrabraut hafi 15 mín. hámarkstíma og eitt verði merkt sem vöruafhendingarstæði, í samræmi við óskir aðliggjandi lóðarhafa. Stæði þessu eru staðsett við Austurbæjarbíó. Sunnan við umrædd stæði eru safnstæði fyrir hópbifreiðar og munu þau haldast óbreytt. Í húsnæði Snorrabrautar 37 er töluverð starfsemi. Ekki er að finna stæði fyrir vörulosun í nágrenninu og því getur verið vandasamt fyrir rekstraraðila á svæðinu að taka á móti vörum. Ljóst er að Snorrabraut verði endurhönnuð á næstu árum og munu því bílastæðamál við Snorrabraut breytast frá því sem er í dag.


Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllt,
Bjarni Rúnar Ingvarsson
deildarstjóri samgangna

Hjálagt: Yfirlitsmynd merkt með fyrirhuguðum umferðarmerkjum



Reykjavík



Yfirlitsmynd merkt með fyrirhuguðum umferðarkerkjum